

Reykjavík, 22. október 2019

Niðurstaða athugunar á fjárfestingarferli Tryggingamiðstöðvarinnar

Fjármálaeftirlitið framkvæmdi vettvangsathugun hjá Tryggingamiðstöðinni hf. í maí 2019 og lá niðurstaða fyrir í september síðastliðnum.

Markmið athugunar Fjármálaeftirlitsins var að kanna fjárfestingarferli félagsins vegna fjárfestinga í óskráðum verðbréfum og hvernig eftirliti væri háttað hjá félaginu með þeim fjárfestingum.

Til að öðlast yfirsýn yfir fjárfestingaferli félagsins aflaði Fjármálaeftirlitið ýmissa gagna frá félaginu, svo sem afrits af samþykktum verkferlum og stefnum sem varða fjárfestingar í óskráðum eignum. Þá voru könnuð gögn og það ferli sem viðhaft var vegna tiltekinna óskráðra eigna sem félagið hafði fjárfest í. Eftirfylgni með fjárfestingum í óskráðum eignum var einnig skoðuð. Óskað var eftir afriti af reglubundnum skýrslum til stjórnar og forstjóra þar sem gerðar eru greiningar á óskráðum eignum félagsins. Jafnframt var farið yfir í viðtölum hvernig eftirfylgni væri háttað.

Að teknu tilliti til þeirra gagna og upplýsinga sem Fjármálaeftirlitið aflaði við athugunina taldi Fjármálaeftirlitið tilefni til að gera eftirfarandi athugasemdir:

- Í eftirliti áhættustýringar með fjárfestingaráhættu fólst ekki eftirlit með því að fjárfestingarheimildum væri fylgt. Þá kvað verklag vegna frávika frá heimildum í fjárfestingarstefnu ekki á um viðbrögð við frávikum frá fjárfestingastefnu, með vísan til 1. og 2. mgr. 39. gr. og 5. mgr. 44. gr. laga nr. 100/2016 um váttryggingastarfsemi („vtsl.“), sbr. k-lið 1. mgr. 258. gr. og 2. mgr. 258. gr. reglugerðar (ESB) 2015/35 sem innleidd var með reglugerð nr. 940/2018.
- Innri ferlar og verklag við verðmat á óskráðum eignum var ekki talið koma í veg fyrir hagsmunaárekstra með fullnægjandi hætti, með vísan til 1. mgr. 39. gr. vtsl., sbr. g-lið 1. mgr. og 5. mgr. 258. gr. og 267. gr. reglugerðar ESB 2015/35.
- Skjölun fjárfestingarákvarðana var talið ábótavant vegna tiltekinna eigna með vísan til 1. mgr. 39. gr. laga nr. 100/2016, sbr. b- og i-lið 1. mgr. 258. gr. og b-lið 1. mgr. 259. gr. reglugerðar (ESB) 2015/35.